

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006
(hlutdeildarsetning úthafsrækju og rækju á miðunum við Snæfellsnes).

Frá atvinnuveganefnd.

1. Á undan 1. gr. komi tólf nýjar greinar sem orðist svo:

a. (1. gr.)

Í stað orðanna „Ráðherra skal hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nemí allt að 300 lestum af óslægðum botnfiski á hverju fiskveiðíári“ í 1. málsl. 5. mgr. 6. gr. laganna kemur: Á hverju fiskveiðíári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir skv. 5. mgr. 8. gr. í óslægðum botnfiski.

b. (2. gr.)

1. málsl. 1. mgr. 6. gr. a laganna orðast svo: Á hverju fiskveiðíári er ráðherra heimilt að ráðstafa aflamagni í óslægðum botnfiski skv. 5. mgr. 8. gr. sem nýtt skal til veiða með handfærum á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu.

c. (3. gr.)

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Orðin „allt að“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.

b. 3.–4. málsl. 3. mgr. falla brott.

c. 4. mgr. fellur brott.

d. 5. mgr. orðast svo:

Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla í hverri tegund skv. 3. mgr. skal varið til að mæta áföllum skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr., til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr., til línuvílnunar skv. 8. mgr. 11. gr., til strandveiða skv. 6. gr. a, til veiða sem eru taldar í 6. gr. og til annarra tímabundinna ráðstafana samkvæmt lögum þessum. Ráðherra skal eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun um meðferð og ráðstöfun þessa aflamagns til næstu sex ára.

e. 6. mgr. orðast svo:

Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla skv. 3. mgr. er ráðherra heimilt að skipta í aðrar tegundir til að leitast við að tryggja tegundarsamsetningu aflamagns til ráðstafana skv. 5. mgr. Ráðherra skal mæla nánar fyrir um þessa framkvæmd í reglugerð, m.a. um gerð tilboða, tímafresti, magn í skiptum og að Fiskistofa annist framkvæmdina. Aflamagn samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að flytja milli fiskveiðíára.

d. (4. gr.)

1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Á hverju fiskveiðíári er ráðherra heimilt að ráðstafa aflamagni í óslægðum botnfiski skv. 5. mgr. 8. gr. sem hér segir.

- e. (5. gr.)
 Í stað orðanna „3.375 lestir af óslægðum þorski“ í 5. másl. 8. mgr. 11. gr. laganna kemur: magn í óslægðum botnfíski sem ráðherra ákveður með heimild í 5. mgr. 8. gr.
- f. (6. gr.)
 Við 8. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra getur þó heimilað með reglugerð flutning á aflamarki tiltekina tegunda frá krókaaflamarksbátum til skipa sem hafa veiðileyfi með aflamark, enda séu skiptin jöfn í þorskígildum talið.
- g. (7. gr.)
 1. másl. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum orðast svo: Á hverju fiskveiðíári er ráðherra heimilt að ráðstafa aflamagni skv. 5. mgr. 8. gr. til áframeldis á þorski.
- h. (8. gr.)
 Ákvæði til bráðabirgða II, III, IV, VI, IX, X og XI í lögunum falla brott.
- i. (9. gr.)
 Í stað orðanna „frest til 1. september 2014“ í 2. másl. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum kemur: lokafrest til 1. september 2015.
- j. (10. gr.)
 Í stað orðanna „til 2013/2014“ í 1. másl. ákvæðis til bráðabirgða VII í lögunum kemur: til 2014/2015.
- k. (11. gr.)
 Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum:
 a. 1. mgr. orðast svo:
 Á fiskveiðírunum 2010/2011 til 2014/2015 hefur ráðherra til ráðstöfunar, til sérstakrar úthlutunar, 2.000 lestir af síld (íslenskri sumargotssíld), þar af allt að 800 lestir til smábáta, og 2.000 lestir af norsk-íslenskri síld.
 b. Orðin „10 leustum af skötusel og“ í 2. másl. 2. mgr. falla brott.
 c. Orðin „176 kr. fyrir hvert kg af skötusel og“ í 1. másl. 3. mgr. falla brott.
 d. Í stað fjárhæðarinnar „13 kr.“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: 16 kr.
- l. (12. gr.)
 Í stað orðanna „sem nema 1.800 þorskígildislestum“ í 1. másl. ákvæðis til bráðabirgða XIII í lögunum kemur: sem ráðherra ákvarðar samkvæmt heimild í 5. mgr. 8. gr.
2. Í stað hlutfallstölunnar „ $\frac{7}{10}$ “ í a-lið 1. efnismgr. og hlutfallstölunnar „ $\frac{3}{10}$ “ í b-lið 1. efnismgr. 1. gr. komi: $\frac{5}{10}$.
3. 2. gr. orðist svo:
 Lög þessi öðlast þegar gildi en 1.–5. gr. og 7.–13. gr. koma til framkvæmda við upphaf fiskveiðíársins 2014/2015.
4. Við bætist ný grein sem orðist svo:
 Við gildistöku þessara laga verður eftirfarandi breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, með síðari breytingum: Við 3. flokk í 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur öll fiskiskip með aflvísa 1.200 eða lægri.
5. Fyrirsogn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórн fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (hlutdeildarsetning úthafsrækju og rækju á miðunum við Snæfellsnes, acli til strandveiða og bóta- og byggðaráðstafana, flutningur í aflamark).